

Lög Fágunar – Félags áhugafólks um gerjun

1. § Félagið

Félagið heitir Fágun – Félag áhugafólks um gerjun. Félagið er áhugamannafélag.

Heimili þess er í Reykjavík.

Reiknings- og starfsár félagsins er almanaksárið.

Félagar eru hverjir þeir sem hafa náð fullum 20 ára aldri, hafa borgað félagsgjöld starfsársins og undirgengist þessar samþykktir.

2. § Markmið

Tilgangur félagsins er að:

- Sameina áhugafólk um gerjun
- Miðla þekkingu á gerð gerjaðrar matvöru og menningu henni tengdri
- Stuðla að bættri ímynd heimagerjaðra matvæla
- Stuðla að lagabreytingum til að heimila gerjun drykkja til einkanota.

Í starfssemi og reglugerðum félagsins vísar hugtakið gerjun til beitingar örvera í gerð matvæla og drykkja.

3. § Starfsemi

Tilgangi sínum hyggst félagið ná með því að starfrækja heimasíðuna <http://www.fagun.is/> þar sem spjallhópar verða aðgengilegir öllum félagsmönnum. Einnig mun félagið standa fyrir námskeiðum og keppnum til að vekja áhuga almennings og félagsmanna á efninu.

4. § Starf stjórnar

Stjórn skiptir með sér verkum: formaður, gjaldkeri, ritari og 2 meðstjórnendur. Formaður boðar stjórnarfundi. Í forföllum formanns stýrir gjaldkeri fundi. Stjórnarfundur er ákvörðunarfær ef 3 atkvæðisbærir menn hið minnsta sækja fund. Við atkvæðagreiðslu ræður einfaldur meirihluti af 5 úrslitum mála. Fundargerðabók skal haldin og í hana skráð það sem gerist á stjórnarfundum.

Hver félagsmaður má aðeins gegna sama embætti í 4 ár samfleytt.

Daglega umsjón félagsins annast formaður félagssins.

Formaður má rita félagið í umboði stjórnar.

Gjaldkeri annast reikningshald á vegum stjórnar og skilar endurskoðuðum ársreikningum til aðalfundar.

Stjórn ber ábyrgð á vefsíðu og skipar vefstjóra.

Stjórn og aðalfundi er heimilt að skipa í nefndir og embætti á vegum félagsins og setja þeim starfsreglur

5. § Félagsfundir

Mánaðarlegir félagsfundir skulu boðaðir af stjórn félagsins.

Félagsfundir skulu ávallt opnir öllum. Aðrir viðburðir á vegum félagsins eru aðeins fyrir félagi nema stjórn félagsins ákveði annað.

Skrá skal í fundargerðabók það helsta sem kemur fram á félagsfundum.

6. § Aðalfundur

Aðalfundur hefur æðsta vald í málefnum félagsins. Aðalfundur félagsins skal halda fyrir lok febrúarmánaðar ár hvert.

Aðalfundur skal boðaður með auglýsingu á www.fagun.is ásamt tölvupósti til gildra félaga með minnst tveggja vikna fyrirvara og telst hann þá löglega boðaður.

Atkvæðisrétt hafa gildir félagar skv fyrstu grein.

Á aðalfundi félagsins skulu tekin fyrir þessi mál:

1. Kjör fundarstjóra og ritara.
2. Ársskýrsla stjórnar og umræður.
3. Endurskoðaðir reikningar fyrir hið liðna reikningsár, með athugasemdum skoðunarmanns reikninga, eru lagðir fram til samþykktar.
4. Starf og fjárhagssáætlun lögð fram til umræðu og ákvörðun tekin um hvernig skuli fara með hrat síðasta starfsárs.
5. Árgjald núverandi starfsárs lagt fram til umræðu og samþykktar og tekur það gildi strax.
6. Lagabreytingar.
7. Kosningar: kosnir 5 í aðalstjórn. Ennfremur 1 skoðunarmaður reikninga og annar til vara. Kosið er til eins árs eða til næsta aðalfundar
8. Önnur mál.

7. § Lagabreytingar

Tillögur um lagabreytingar skulu birtar á vef félagsins, í sama þræði og fundarboð á aðalfund, minnst viku fyrir aðalfund.

Til breytinga á lögum þarf 3/5 greiddra atkvæða á aðalfundi.

Aldrei má breyta lögum þannig að raskað sé megintilgangi félagsins samkvæmt 2. grein

8. § Hrat

Á aðalfundi skal gjaldkeri leggja fram tillögu, í tengslum við fjárhagsáætlun, þess efnis að tilgreindum hluta rekstrarafgangs verði úthlutað til rekstur félagsins á yfirstandandi starfsári skv. Nánari ákvörðun stjórnna. Sé tillagan samþykkt telst sú upphæð ekki lengur til rekstrarafgangs síðasta starfsárs.

Rekstrarafgangi/hagnaði af starfsemi félagsins skal varið til veitingakaupa á aðalfundi félagsins.

9. § Félagsslit

Ákvörðun um slit félagsins verður aðeins tekin á aðalfundi með, auknum meirihluta, 75% atkvæða. Eignir félagsins renna til Umhyggju, félags langveikra barna.

Lög þessi eru samþykkt á aðalfundi félagsins 2016.